



Fundargerð fræðslunefndar 19. júní 2015

Fundur haldinn í fræðslunefnd föstudaginn 19. júní 2015 kl. 17:00 í Miklagarði.

Mættir: Fanney Hauksdóttir, Þorsteinn Halldórsson, Jón Haraldsson, Fjóla Valsdóttir og Kristján Guðmundsson.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

1. mál

Fundargerð síðasta fundar lesin upp, var hún samþykkt samhljóða.

2. mál

Umsókn um starf tónlistarkennara á Vopnafirði. Formaður las hana fyrir fundarmenn. Umræða um umsókn. Fræðslunefnd óskar eftir fundi með umsækjanda, Einari Braga, til að heyra hans hugmyndir um starfið. Fræðslunefnd telur að hún þurfi lengri umþóttunartíma hvað ráðningu tónlistarkennara varðar.

Fleira ekki gert, fundi slitið 17:45

Jón Haraldsson